



## **Láнасjóður sveitarfélaga ohf.**

**Samandreginn árshlutareikningur 30. júní 2024**

Láнасjóður sveitarfélaga ohf.  
Kennitala: 580407-1100  
Borgartún 30  
105 Reykjavík

**Efnisyfirlit****Bls.**

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda .....	6
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu .....	7
Efnahagsreikningur .....	8
Eiginfjárfirlit .....	9
Sjóðstreymisyfirlit .....	10
Skýringar .....	11-29

# Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er lánaþyrftæki, sem starfar eftir lögum um sjóðinn nr. 150/2006, hlutafélagalögum nr. 2/1995, lögum um fjármálaþyrftæki nr. 161/2002 og er undir eftirliti Fjármálaeftirlits. Meginhlutverk Lánasjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán sjóðsins takmarkast við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.

Lánasjóðurinn gefur út skuldabréf sem hafa verið tekin til viðskipta í kauphöll Nasdaq Iceland hf. og er viðskiptavakt með hluta bréfanna.

## Afkoma

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður tímabilsins 1.132 milljónir króna samanborið við 916 milljónir króna á sama tíma árið 2023. Breyting á milli ára skýrist aðallega af betri ávöxtun eigin fjár og fjáreigna á gangvirði vegna hærri vaxta milli tímabila. Almennur rekstrarkostnaður jókst um rúmlega 7% á milli tímabila. Sú aukning er tilkomin að mestu vegna breytinga í starfsmannahaldi. Meðal ársverk sjóðsins eru 3 líkt og fyrri ár. Hagnaður tímabilsins er færður meðal eigin fjár.

Eigið fé sjóðsins nemur 23,9 milljörðum króna á móti 22,7 milljörðum króna í árslok 2023 og hefur hækkað um 5% á tímabilinu. Vegið eiginfjárlutfall Lánasjóðsins er 410% miðað við stöðu útlána þann 30. júní 2024 og var 416% í árslok 2023, með nýtingu á mildunarákvæði við eiginfjárútreikning. Á aðalfundi sjóðsins, 14. mars 2024, var ákveðið að greiða ekki út arð vegna hagnaðar 2023 til að styrkja stöðu sjóðsins, viðhalda kaupmætti og tryggja vöxt eigin fjár.

Heildareignir sjóðsins í lok tímabilsins voru 207 milljarðar króna á móti 200 milljörðum króna í árslok 2023. Útlán og kröfur sjóðsins námu 195 milljörðum króna í lok tímabilsins samanborið við 191 milljarðar króna í árslok 2023. Á tímabilinu hefur sjóðurinn veitt 7,4 milljarða króna í ný útlán samanborið við 12,2 milljarða króna á sama tímabili árið áður.

Lánasjóðurinn fjármagnar lánveitingar sínar með útgáfu skuldabréfa á innlendum markaði. Á tímabilinu hélt sjóðurinn þrjú útboð í flokkunum, LSS390303 og LSS151155. Heildarsöluvirði þeirra útboða voru 6,5 milljarðar króna. Til samanburðar voru fyrir sama tímabil árið 2023 haldin sex útboð og var heildarsöluvirði þeirra útboða 10,7 milljarðar króna. Heildar útgæfið nafnverð í skuldabréfaflokki LSS390303 er 28,5 milljarðar króna í lok tímabilsins og 29,9 milljarða króna í flokki LSS151155.

Útlán til sveitarfélaga á tímabilinu voru undir væntingum sjóðsins og endurskoðaði Lánasjóðurinn útgáfuáætlun sína fyrir árið í maí 2024. Upphafleg útgáfuáætlun gerði ráð fyrir 12 - 14,5 milljörðum króna á fyrri hluta ársins 2024 og sömu fjárhæðir á seinni hluta ársins, samtals 24 - 29 milljarðar króna. Endurskoðuð útgáfuáætlun fyrir árið 2024, gerir ráð fyrir heildarútgáfu að fjárhæð 17 - 22 milljarðar króna.

Heildarútgæfið nafnverð í grænum skuldabréfaflokki LSS040440 GB var 7,4 milljarðar króna í lok tímabilsins. Með útgáfu á grænum skuldabréfum vill Lánasjóðurinn styðja við framgang umhverfisbætandi verkefna hjá sveitarfélögum og bjóða þeim upp á vænlega fjármögnunarkosti í þeim eignum. Lánasjóðurinn hyggst gefa út framvinduskýrslu grænna útlána fyrir lok september 2024 þar sem tekinn er saman umhverfislegur ávinningur þeirra verkefna sem sjóðurinn fjármagnaði með grænum lánveitingum á síðasta ári. Eitt grænt lán hefur verið veitt til sveitarfélaga það sem af er árinu 2024.

Hluthafar sjóðsins eru 63. Lánasjóðurinn er í eigu allra sveitarfélaga landsins. Reykjavíkurborg er eini hluthafinn sem á meira en 10% í sjóðnum með 17,5% hlut en samtals eiga 10 stærstu hluthafar sjóðsins 56%.

Nánari sundurliðun hluthafa sjóðsins má finna í skýringu 31.

## Áhættuþættir

### Eiginfjárlutfall

Markmið með stýringu á eigin fé er að sjóðurinn hafi ávallt yfir að ráða nægu eigin fé til að veða á móti undirliggjandi áhættuþáttum í rekstri. Eiginfjárgrunnur sjóðsins samanstendur eingöngu af hlutafé, lögbundnum varasjóði og óráðstöfuðu eigin fé. Lágmarks eigið fé samkvæmt 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 er 8% af áhættuvegnum eignum. Til viðbótar ber fjármálafyrirtækjum að nota viðeigandi eiginfjárouka til að bæta eiginfjárstöðu sína til viðbótar við lágmarks eigið fé og vera þannig betur í stakk búin til að takast á við áföll í rekstri eða sveiflur í hagkerfinu. Samkvæmt ákvörðun Seðlabankans þá ber Lánasjóðnum að binda til viðbótar við 8% lágmarks eiginfjárlutfall, 2,5% í verndunarauka af áhættugrunni og 2,5% í sveiflujöfnunarauka. Eiginfjárfrafan þann 30. júní 2024 er 13%.

Lánasjóðurinn nýtir sér mildunarákvæði við eiginfjárútreikninga vegna lögbundinnar sérstöðu sjóðsins. Samkvæmt 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 geta sveitarfélög veitt sjóðnum veð í tekjum sínum vegna lána sem þau taka hjá sjóðnum og vegna ábyrgða sem þau veita honum samkvæmt 1. og 2. mgr. 69. gr. sömu laga. Við beitingu mildunar fá umræddar áhættuskuldbindingar, að því marki sem veð er fyrir hendi, áhættuvog eins og íslenska ríkið, þ.e. 0% vegna lána í íslenskum krónum.

Fjárhagsstaða Lánasjóðsins er sterk og var vegið eiginfjárlutfall Lánasjóðsins 410% miðað við stöðu útlána þann 30. júní 2024 og var 416% í árslok 2023, með nýtingu á mildunarákvæði við eiginfjárútreikning. Án mildunar er vegið eiginfjárlutfall 54% en var 53% í árslok 2023.

Nánari umfjöllun um eiginfjárlutfall sjóðsins má finna í skýringu 28.

### Veð í tekjum

Í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er sveitarfélögum heimilað að veita Lánasjóðnum veð í tekjum sínum sem tryggingu fyrir lánnum sem þau taka hjá sjóðnum og ábyrgðum sem þau veita. Stefna Lánasjóðsins er að krefjast slíks veðs í tekjum. Þann 30. júní 2024 eru öll langtímalán til sveitarfélaga og fyrirtækja í þeirra eigu með veð í tekjum sveitarfélaga.

### Útlánaáhætta

Þann 30. júní 2024 voru engar áhættuskuldbindingar gagnvart viðskiptavinum flokkaðar sem stórar áhættuskuldbindingar hjá Lánasjóðnum. Útlán til sveitarfélaga eru skilgreind sem stórar áhættuskuldbindingar í samræmi við reglugerð nr. 233/2017 ef heildarskuldbindingar gagnvart einu sveitarfélagi (og dótturfélögum sveitarfélagsins) að teknu tilliti til frádráttar fara yfir 10% af eiginfjárgrunni. Vegna ákvörðunar Lánasjóðsins að nýta sér viðkomandi mildunarákvæði vegna lána til sveitarfélaga sem tryggð eru með veði í tekjum, fá umræddar áhættuskuldbindingar, áhættuvog eins og íslenska ríkið, þ.e. 0% vegna lána í íslenskum krónum. Án mildunar væru átta áhættuskuldbindingar til staðar hjá Lánasjóðnum í lok tímabilsins, sami fjöldi og í árslok 2023.

### Lausafjárstýring

Lausafjárstýring Lánasjóðsins leggur áherslu að fjárfesta í áhættulitlum fjárfestingum, líkt og ríkisskuldabréfum og ríkisvixlum, peningamarkaðsinnlánnum og verðbréfasjóðum. Lausafjárlutfall sjóðsins er sterkt en samkvæmt reglum Seðlabankans nr. 266/2017 skal lausafjárlutfall vera 100% bæði í íslenskum krónum sem og í erlendum gjaldmiðlum. Lausafjárlutfall sjóðsins í lok tímabilsins var 16.011% en var 13.510% í árslok 2023.

Nánari umfjöllun um áhættustýringu sjóðsins er að finna í skýringu 4.

## Efnahagsþættir

Eins og á síðasta ári þá hefur tímabilið einkennst af mikilli verðbólgu og háum stýrivöxtum. Ársverðbólgan mældist mest 6,8% í mars á þessu ári. Stýrivextir hafa verið óbreyttir á tímabilinu og eru 9,25% eftir síðustu hækkun í ágúst 2023. Það hefur leitt til lækkunar ársverðbólgunnar á árinu úr 6,7% í lok síðasta árs í 5,8% í júní.

15. mars 2024 tók í gildi ákvörðun Seðlabankans um hækkun sveiflujöfnunarauka fjármálafyrirtækja úr 2% í 2,5% á áhættugrunni vegna innlendra áhættuskuldbindinga. Eiginfjárfrafa á Lánasjóðinn miðað við 30. júní 2024 er 13%.

Ávöxtunarkrafa lengri ríkisskuldabréfa hefur hækkað á markaði á síðustu árum, sem skilar sér í hærri ávöxtunarkröfu á skuldabréfaflokkum Lánasjóðsins. Útlánavextir til sveitarfélaga eru þar af leiðandi hærri á nýjum lánnum til sveitarfélaga. Útlán til sveitarfélaga á tímabilinu voru undir áætlun sjóðsins og hefur Lánasjóðurinn endurskoðað útgáfuáætlun sína fyrir árið 2024, líkt og nefnt var hér að framan.

Nánari umfjöllun um efnahagsþætti er að finna í skýringu 2.

## Stjórnarhættir

Stjórn Lánasjóðsins hefur tileinkað sér góða stjórnarhætti og fylgir nýjustu útgáfu af "Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja" sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins gáfu út árið 2021. Lánasjóðurinn fékk viðurkenningu sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum í ágúst 2023, sambærilegt og síðustu ár. Umsjónaraðili viðurkenningarferils er Stjórnvísir. Það er hlutverk stjórnar að gæta þess að sjóðurinn sé rekinn í samræmi við lög og reglur sem um hann gilda á hverjum tíma. Meginhlutverk sjóðsins er að útvega sveitarfélögum lánsfjármagn á sem hagstæðustu kjörum.

Í stjórn sjóðsins sitja fimm aðalmenn og hefur hver og einn þeirra tilgreindan varamann, sem kjörnir eru á aðalfundi sjóðsins. Kynjahlutfall í aðalstjórn uppfyllir ákvæði laga um kynjahlutfall í stjórnnum fyrirtækja. Allir stjórnarmenn eru óháðir starfsemi Lánasjóðsins.

Stjórn Lánasjóðsins ber ábyrgð á að til staðar sé virkt innra eftirlit til samræmis við lög og settar reglur. Lánasjóðurinn leggur áherslu á að verklag sé skjalfest, áhættur séu greindar og metnar, eftirlitsaðgerðir skilgreindar til að mæta viðkomandi áhættum og þannig draga úr áhrifum viðkomandi áhættuþátta. Stjórn Lánasjóðsins gerir samning um árlega úttekt á innra eftirliti Lánasjóðsins. Stjórn Lánasjóðsins skipar endurskoðunarnefnd sem hefur það hlutverk að hafa eftirlit með vinnuferlum við gerð reikningsskila, endurskoðun á ársreikningi, fyrirkomulagi og virkni áhættustýringar, innra eftirlits og innri endurskoðunar. Einnig skal endurskoðunarnefnd leggja mat á óhæði endurskoðanda og hafa eftirlit með störfum hans.

## Áritun og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samandreginn árshlutareikningur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. vegna fyrstu sex mánaða ársins 2024 er gerður á grundvelli áframhaldandi rekstrarhæfis í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu, ákvæði ársreikningalaga nr. 3/2006, laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og ákvæði reglna þar að lútandi.

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra gefur samandreginn árshlutareikningur sjóðsins glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 30. júní 2024 og rekstrarafkomu sjóðsins vegna fyrstu sex mánaða ársins 2024.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með samandreginn árshlutareikning sjóðsins fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2024 með undirritun sinni.

Reykjavík, 22. ágúst 2024

Kristinn Jónasson  
stjórnarformaður

Arna Lára Jónsdóttir

Fannar Jónasson

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Halldóra Káradóttir

Óttar Guðjónsson  
framkvæmdastjóri

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

## Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2024, sem hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisýfirlit og skýringar.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lánasjóðs sveitarfélaga eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan staðal um árshlutareikninga, IAS 34. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um *Könnun óháðs endurskoðanda* á árshlutareikningum. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirsurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun er talsvert umfangsminni en endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en meðfylgjandi samandreginn árshlutareikningur sé í öllum meginatriðum í samræmi við IAS 34 "Árshlutareikningar".

Reykjavík, 22. ágúst 2024

**KPMG ehf.**

Hrafnhildur Helgadóttir  
Löggiltur endurskoðandi

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 30. júní 2024

	Skýr.	2024 1.1.-30.6.	2023 1.1.-30.6.
<b>Hreinar vaxtatekjur</b>			
Vaxtatekjur og verðbætur .....		9.035.690.791	11.031.306.775
Vaxtagjöld og verðbætur .....		(8.197.889.986)	(10.227.010.693)
<b>Hreinar vaxtatekjur samtals</b>	5	<u>837.800.805</u>	<u>804.296.082</u>
<b>Aðrar rekstrartekjur</b>			
Hreinar tekjur af fjáreignum tilskildum á gangvirði .....	6	444.301.324	256.557.484
Hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindum á gangvirði .....	7	288.794	0
Hreinn gjaldeyrismunur .....	8	(6.569.066)	(8.959.885)
Virðisrýrnun útlána til viðskiptavina .....	16	(921.359)	(2.554.203)
<b>Aðrar rekstrartekjur samtals</b>		<u>437.099.693</u>	<u>245.043.396</u>
<b>Hreinar rekstrartekjur</b>		1.274.900.498	1.049.339.478
<b>Almennur rekstrarkostnaður</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	9	55.167.718	49.405.114
Kostnaður vegna verðbréfaútgáfu .....	10	35.463.409	34.075.720
Árgjöld og eftirlitsgjöld FME .....		10.692.000	8.832.000
Annar rekstrarkostnaður .....	11	41.578.723	40.804.989
<b>Almennur rekstrarkostnaður samtals</b>		<u>142.901.850</u>	<u>133.117.823</u>
<b>Hagnaður og heildarafkoma ársins</b>		<u>1.131.998.648</u>	<u>916.221.655</u>
<b>Hagnaður á hlut</b>			
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut .....	12	0,23	0,18

Skýringar á blaðsíðum 12 til 29 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningi sjóðsins.

## Efnahagsreikningur 30. júní 2024

	Skýr.	30.6.2024	31.12.2023
<b>Eignir</b>			
Ríkisskuldabréf og ríkisvixlar .....	13	7.938.077.193	5.988.494.372
Markaðsverðbréf og skuldabréf .....	14	3.593.144.665	2.441.894.449
Útlán og kröfur á lánastofnanir .....	15	182.732.526	845.958.012
Útlán og kröfur á viðskiptavini .....	16	195.234.460.798	190.761.615.712
Rekstrarfjármunir .....	17	67.248.730	68.183.154
Aðrar eignir .....	18	30.429.465	23.862.979
<b>Eignir samtals</b>		<u>207.046.093.377</u>	<u>200.130.008.678</u>
<b>Skuldir</b>			
Verðbréfaútgáfa .....	21	179.937.239.021	174.169.823.066
Aðrar langtímalántökur .....	22	2.943.169.281	2.975.577.658
Afleiðusamningar .....	24	123.586.994	7.496.075
Skammtímalántökur .....	25	64.698.658	121.000.568
Lífeyrisskuldbinding .....	26	108.707.963	111.569.407
Aðrar skuldir .....	27	13.366.518	21.215.611
<b>Skuldir samtals</b>		<u>183.190.768.435</u>	<u>177.406.682.385</u>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....		5.000.000.000	5.000.000.000
Bundinn varasjóður .....		1.360.619.144	1.344.938.541
Óráðstafað eigið fé .....		17.494.705.798	16.378.387.753
<b>Eigið fé samtals</b>	28	<u>23.855.324.942</u>	<u>22.723.326.294</u>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>		<u>207.046.093.377</u>	<u>200.130.008.679</u>



## Eiginfjárfirlit 1. janúar til 30. júní 2024

	Hlutafé	*Bundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
<b>Breytingar á eigin fé 2024</b>				
Eigið fé 1. janúar .....	5.000.000.000	1.344.938.541	16.378.387.753	22.723.326.294
Hagnaður ársins og heildarhagnaður .....			1.131.998.648	1.131.998.648
Bundin óinnleyst gangvirðisbreyting .....		15.680.603	(15.680.603)	0
Eigið fé 30. júní .....	5.000.000.000	1.360.619.144	17.494.705.798	23.855.324.942
<b>Breytingar á eigin fé 2023</b>				
Eigið fé 1. janúar .....	5.000.000.000	1.316.581.459	14.540.946.612	20.857.528.071
Hagnaður janúar - júní .....			916.221.655	916.221.655
Bundin óinnleyst gangvirðisbreyting .....		(13.287.096)	13.287.096	0
Eigið fé 30. júní .....	5.000.000.000	1.303.294.363	15.470.455.363	21.773.749.726
Hagnaður júlí - desember .....			949.576.568	949.576.568
Bundin óinnleyst gangvirðisbreyting .....		41.644.178	(41.644.178)	0
Eigið fé 31. desember .....	5.000.000.000	1.344.938.541	16.378.387.753	22.723.326.294

\* Bundinn varasjóður samanstendur af lögbundnum varasjóði og bundinni óinnleystri gangvirðisbreytingu. Samkvæmt lögum um ársreikninga ber að binda eigið fé vegna óinnleystra gangvirðisbreytinga sem takmarka möguleika til arðgreiðslu. Sjá nánar í skýringu 28.

## Sjóðstreymisýfirlit 1. janúar til 30. júní 2024

	Skýr.	1.1.-30.6.2024	1.1.-30.6.2023
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður tímabilsins .....		1.131.998.648	916.221.655
<b>Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:</b>			
Hreinar vaxtatekjur .....		(837.800.805)	(804.296.082)
Verðbætur, gengismunur og áfallnir vextir .....	15, 20	67.183.104	106.927.307
Afföll, lántökugjald og lántökupókun skuldabréfa .....	15, 20	(337.892.714)	(227.910.661)
Gangvirðisbreytingar útlána og krafna til viðskiptavina .....	24	(288.794)	0
Gangvirðisbreytingar afleiða .....	24	895.309	0
Lagt í virðisrýrnunarsjóð skv. IFRS 9 .....	16	921.359	2.554.203
Afskriftir .....	17	934.424	934.422
		<u>(1.106.048.117)</u>	<u>(921.790.811)</u>
<b>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum</b>			
Veitt útlán og kröfur til viðskiptavina .....		(7.386.000.000)	(12.155.000.000)
Innheimt útlán og kröfur til viðskiptavina .....		8.668.183.594	7.864.742.057
Verðbréfaútgáfa og önnur langtímalántaka .....		6.474.178.823	10.722.057.361
Afborganir verðbréfaútgáfu og annara langtímalána .....		(7.193.370.755)	(6.453.463.372)
Keypt eigin skuldabréf .....		0	(421.060.170)
Afborganir eigin skuldabréfa .....		893.699.773	0
Breytingar á ríkisskuldabréfum og ríkisvixlum .....		(1.744.134.497)	433.397.763
Breytingar á markaðsverðbréfum og skuldabréfum .....		(1.239.568.041)	(1.442.993.413)
Breytingar á veittum skammtímalánum .....		673.065.625	(258.239.250)
Breytingar á teknum skammtímalánum .....		(56.100.034)	(28.461.461)
Breytingar á lífeyrisskuldbindingu .....		(2.861.444)	(2.430.084)
Breytingar á öðrum eignum .....		(6.566.486)	(7.041.119)
Breytingar á öðrum skuldum .....		(7.849.093)	1.207.662
		<u>(927.322.535)</u>	<u>(1.747.284.026)</u>
Innheimtir vextir .....		2.846.291.563	2.118.005.156
Greiddir vextir .....		(2.607.800.955)	(2.516.645.768)
		<u>238.490.608</u>	<u>(398.640.612)</u>
<b>Handbært fé til rekstrar</b>		(662.881.396)	(2.151.493.794)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé .....		(344.090)	668.521
Handbært fé í ársbyrjun .....		845.958.012	2.862.680.441
Handbært fé í lok tímabils .....		<u>182.732.526</u>	<u>711.855.168</u>
<b>Sundurliðun handbærs fjár</b>			
Útlán og kröfur á lánastofnanir .....		<u>182.732.526</u>	<u>711.855.168</u>
		<u>182.732.526</u>	<u>711.855.168</u>

# Skýringar

## 1 Almennar upplýsingar

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er opinbert hlutfélag í eigu íslenskra sveitarfélaga. Lánasjóðurinn er lánaþyrftæki, sem starfar eftir hlutfélagalögum og lögum um fjármálaþyrftæki og er undir eftirliti Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands. Lánasjóður sveitarfélaga er með heimilisfesti á Íslandi. Aðsetur sjóðsins er að Borgartúni 30, Reykjavík.

Hlutverk Lánasjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán hans takmarkast við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.

Lánasjóðurinn hefur gefið út skuldabréf sem tekin eru til viðskipta í kauphöll Nasdaq Iceland hf. og er viðskiptavakt með hluta bréfanna.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. samþykkti samandreginn árs hlutareiknings sjóðsins þann 22. ágúst 2024.

## 2 Grundvöllur reikningsskila

Samandreginn árs hlutareikningur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Árs hlutareikningurinn er jafnframt gerður í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006, lög um fjármálaþyrftæki nr. 161/2002 og reglur um reikningsskil lánastofnana nr. 834/2003.

Samandreginn árs hlutareikningur inniheldur ekki jafn ítarlegar upplýsingar eins og krafist er í ársreikningi og ætti því að lesa hann með hliðsjón af ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2023. Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef sjóðsins [www.lanasjodur.is](http://www.lanasjodur.is), sem og á vef NASDAQ Iceland hf., [www.nasdaqomxnordic.com](http://www.nasdaqomxnordic.com).

Við gerð samandregna árs hlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings sjóðsins fyrir árið 2023.

### 2.1 Rekstrarhæfi

Stjórn Lánasjóðsins hefur lagt mat á áframhaldandi rekstrarhæfi sjóðsins og hefur eðlilegar væntingar um að sjóðurinn hafi fullnægjandi burði til áframhaldandi reksturs. Samandreginn árs hlutareikningur Lánasjóðsins er því gerður miðað við áframhaldandi rekstrarhæfi.

### 2.2 Mat og ákvarðanir

Gerð árs hlutareiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, leggi mat á og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda í árs hlutareikningnum. Reikningshaldslegt mat og undirliggjandi forsendur stjórnenda eru í stöðugri endurskoðun og eru áhrif breytinga á mati og forsendum færð á því tímabili sem breytingin á sér stað og á síðari tímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á. Í árs hlutareikningi Lánasjóðs sveitarfélaga eru engir verulegir liðir sem eru háðir mati stjórnenda og geta haft veruleg áhrif á niðurstöðu reikningsskilanna.

## 3 Efnahagsleg áhrif

### 3.1 Almenn efnahagsleg áhrif

Árið hefur einkennst af áframhaldandi hárrí verðbólgu og háum vöxtum. Verðbólgan náði hámarki í 6,8% í mars á ársgrundvelli og hefur lækkað rólega eftir það. Verðbólgan mældist 5,8% í júní 2024.

Stýrivextir Seðlabanka Íslands voru 9,25% í árslok 2023 og eru óbreyttir á árinu 2024. Frá ársbyrjun 2023 hafa stýrivextir hækkað um 3,25%. Hækkun stýrivaxta hefur haft bein áhrif á hækkun ávöxtunarkröfu ríkisbréfa. Í lok tímabils, 30. júní 2024, var ávöxtunarkrafa RIKS 30 2,99% en var í upphafi árs 2023 2,07%. Þetta hefur leitt til hækkunar á ávöxtunarkröfu skuldabréfa Lánasjóðsins. Ávöxtunarkrafan á LSS34 var 3,97% 30. júní 2024 en var 2,91% í upphafi árs 2023. Þetta sýnir að álag á skuldabréf Lánasjóðsins hefur aukist úr 84 punktum yfir í 98 punkta ofan á ríkisbréfin á sama tímabili.

### 3.2 Áhrif á sveitarfélögin

Samkvæmt greiningum Sambands Íslenskra sveitarfélaga á ársreikningum vegna ársins 2023 sýndi að rekstrarafgangur A - hluta sveitarfélaga var neikvæður og hallinn um 0,2% af tekjum samanborið við 4,6% halla á árinu 2022. Há verðbólga og háir vextir er megin skýringin á neikvæðri afkomu. Fjármagnsgjöld að frádregnum fjármagnstekjum lækkuðu lítillega milli ára, eða um 22 milljónir króna. Rekstrarafgangur án fjármagnsliða var jákvæður um 3,8% af tekjum 2023 samanborið við 0,4% á árinu 2022. Heildarskuldir sveitarfélaga jukust um 11,5% milli ára og því er nokkuð ljóst að verðbólgan hefur áframhaldandi áhrif á fjárhag sveitarfélaga.

Sveitarfélög fengu heimild í lögum til að víkja frá fjármálareglum um jafnvægi í rekstri til ársins 2025 auk þess sem lögbundin heimild um 150% skuldsetningu af tekjum sveitarfélaga var afnumin samhliða. Sveitarfélög þurfa því mörg að fara í hagræðingaraðgerðir á næstu árum til að jafna út þá aukningu í kostnaði og skuldum sem hefur átt sér stað á síðustu árum.

### 3.3 Áhrif og aðgerðir Lánasjóðsins

Útlán til sveitarfélaga á tímabilinu voru undir áætlunum sjóðsins og endurskoðaði Lánasjóðurinn útgáfuáætlun sína fyrir árið í maí 2024. Upphafleg útgáfuáætlun gerði ráð fyrir 12 - 14,5 milljörðum króna á fyrri helmingi ársins 2024 eða samtals 24 - 29 milljarðar króna á öllu árinu 2024. Endurskoðuð útgáfuáætlun fyrir árið 2024 gerir ráð fyrir heildarútgáfu að fjárhæð 17 - 22 milljarðar króna. Heildarsöluvirði útboða á tímabilinu voru 6,5 milljarðar króna.

Fjárhagsstaða Lánasjóðsins er sterk og er vegið eiginfjárlutfall sjóðsins 410% miðað við stöðu útlána 30. júní 2024 og var 416% í árslok 2023, með nýtingu á mildunarákvæði við eiginfjárlútreikning. Án mildunar er vegið eiginfjárlutfall 54% en var 53% í árslok 2023. Sjá nánar í skýringu 28.

### 3.4 Mat á væntu útlánatapi

Það er mat stjórnenda Lánasjóðsins að ekki sé ástæða til breyta mati á væntu útlánatapi sökum fjárhagsstöðu sveitarfélaga. Sveitarfélögin hafa sérstaka heimild í lögum til að veita Lánasjóðnum veð í tekjum sínum. Einnig er ljóst í samræmi við 71. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 að sveitarfélög verða ekki tekin til gjaldprotaskipta. Þrátt fyrir óvissu í tekjugrunni sveitarfélaga þá nægir það ekki til að uppfylla þær skilgreiningar sem lagðar eru til grundvallar tilfærslu á milli þrepa við mat á væntu útlánatapi. Öll útlán og kröfur til sveitarfélaga og félaga í þeirra eigu falla undir þrep 1 og er niðurfærslan metin út frá 12 mánaða væntu útlánatapi þar sem engin aukning hefur átt sér stað í útlánaáhættu frá upphaflegri skráningu.

## 4 Áhættustýring

Lánasjóðurinn er milligönguaðili milli íslenskra sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra annars vegar og fjármálamarkaða, innlendra sem erlendra, hins vegar. Markmið sjóðsins er að tryggja fyrrgreindum aðilum lánsfé á hagstæðum kjörum. Útlánaáhætta er því helsti áhættuþátturinn í rekstri sjóðsins, en áhættuþættir eins og lausafjánhætta, mótaðilaáhætta og rekstraráhætta koma einnig til í starfseminni. Markaðsáhætta er haldið í lágmarki, en hún er þó meðal annars til staðar í formi vaxtaáhættu og gjaldmiðlaáhættu.

### 4.1 Útlánaáhætta

Útlánaáhætta Lánasjóðsins er bundin við íslensk sveitarfélög og ríkissjóð. Lánasjóðurinn lánar eingöngu sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum. Skilyrði fyrir lánveitingu til fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga er að þau séu alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs, sem beri ábyrgð á skuldbindingum þeirra gagnvart sjóðnum. Sveitarstjórnarlögin mynda traustan ramma um starfsemi sveitarfélaganna, m.a. geta íslensk sveitarfélög ekki orðið gjaldþrota en ákvæði eru í lögnum um aðkomu ríkisvaldsins ef fjárhagslegir erfiðleikar koma upp hjá sveitarfélagi sbr. kafla VII í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011. Sveitarfélögin hafa reynst traustir greiðendur og hefur aldrei komið til afskriftar vegna lána til sveitarfélaga eða félaga í þeirra eigu frá því að Lánasjóðurinn hóf starfsemi árið 1967. Öll útlán og kröfur til sveitarfélaga og félaga í þeirra eigu, falla undir þrep 1 við mat á niðurfærslu samkvæmt virðisrýrnunarlíkani vænts útlánataps IFRS 9.

Í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er sveitarfélögum heimilað að veita Lánasjóðnum veð í tekjum sínum sem tryggingu fyrir lánnum sem þau taka hjá sjóðnum og ábyrgðum sem það veitir. Lánasjóðurinn hefur sett það sem skilyrði fyrir lánveitingu að slíkt veð sé veitt. Í árslok eru öll langtímalán til sveitarfélaga og fyrirtækja í þeirra eigu með veð í tekjum sveitarfélaga.

Fjárhæð útlánaáhættu sem til verður með veitingu útlána kemur fram í bókfærðu virði safnsins í efnahagsreikningi. Lánasjóðurinn fer yfir allar lánsútsóknir með tilliti til þess hvort lán taki uppfylli skilyrði til lánveitingar og ennfremur hvort verkefnið sem fjármagna á hafi almenna efnahagslega þýðingu. Ítarlegt mat er framkvæmt á umsækjendum og ábyrgðaraðilum þeirra, stöðu þeirra og þróunarmöguleikum. Öll lánamál eru lögð fyrir stjórn, annað hvort til ákvörðunar eða kynningar.

#### 4.1 Útlánaáhætta (framhald)

##### Stórar áhættuskuldbindingar

Lánasjóðurinn heldur utan um stórar áhættuskuldbindingar fyrir og eftir að tekið er tillit til áhættumildandi þátta. Í lok tímabils voru hjá Lánasjóðnum 16 stórar áhættuskuldbindingar, samanborið við 17 í árslok 2023, áður en tekið er tillit til áhættumildandi þátta skv. reglugerð nr. 233/2017. Eftir að tekið er tillit til hefðbundinna áhættumildandi þátta í árslok eru 8 stórar áhættuskuldbindingar líkt og var hjá Lánasjóðnum í árslok 2023. Vegna lögbundinnar sérstöðu nýtir Lánasjóðurinn sér mildunarákvæði vegna lána til sveitarfélaga sem tryggð eru með veði í tekjum sveitarfélaga, sbr. 2. gr. reglugerðar 835/2012. Við beitingu mildunar fá umræddar áhættuskuldbindingar, að því marki sem veð eru fyrir hendi, áhættuvog eins og íslenska ríkið, þ.e. 0% vegna lána í íslenskum krónum. Að teknu tilliti til þeirrar áhættumildunar þá eru engar stórar áhættuskuldbindingar hjá Lánasjóðnum í árslok.

##### 4.1.1 Áhætta vegna samningsskuldbindinga

Lánasjóðurinn hefur tryggingar fyrir lánveitingum sínum til sveitarfélaga og ábyrgðum sem þau veita, en sveitarfélögin hafa sérstaka heimild í sveitarstjórnarlögum til að veita Lánasjóðnum veð í tekjum sínum. Samningsskuldbindingar Lánasjóðsins eru því tryggðar af sveitarfélögunum og felst áhættan einkum í að sveitarfélögin sjálf lendi í greiðsluferðleikum. Mótaðilaáhætta utan útlánaáhættu er takmörkuð við ríkissjóð og aðila með ábyrgð hans sem og innlendar fjármálastofnanir sem hafa starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu. Mótaðilaáhætta á erlendar fjármálastofnanir er sérstaklega tekin fyrir af stjórn.

##### 4.1.2 Mótaðilaáhætta

Lánasjóðurinn hefur eftirlit með mótaðilaáhættu. Fylgst er reglulega með stöðu lána og vanskila. Á tímabilinu kom ekki til þess að sjóðurinn beitti veðrétti sínum í tekjum sveitarfélaga en sjóðurinn hefur einu sinni þurft að beita veði sínu, en það var gert árið 2010. Engin vanskil eru hjá sjóðnum í lok tímabilsins.

Eftirfarandi tafla sýnir mestu mögulegu mótaðilaáhættu sjóðsins.

	30.6.2024	31.12.2023
<b>Staða mótaðilaáhættu vegna liða í efnahagsreikningi er eftirfarandi í m.kr.:</b>		
Útlán og kröfur á lánastofnanir .....	183	846
Útlán og kröfur á viðskiptavini .....	195.234	190.762
Ríkisskuldabréf og ríkisvixlar .....	7.938	5.988
Markaðsverðbréf og skuldabréf .....	3.593	2.442
<b>Samtals mótaðilaáhætta</b>	<b>206.948</b>	<b>200.038</b>

#### 4.2 Lausafjár- og fjármögnunaráhætta

Lausafjáraáhætta er hættan á að Lánasjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Lánasjóðurinn hefur sett sér reglur varðandi lausafjárstöðu og fjármögnun og er þeim ætlað að tryggja og viðhalda sveigjanleika. Meginreglan er að gefa ekki bindandi lánsloforð til væntanlegra lántaka fyrr en fjármögnun þeirra lána liggur fyrir. Þá er stórum hluta eigin fjár sjóðsins haldið í ávöxtun til mjög skamms tíma til að tryggja stöðugan aðgang að lausu fé og þar með sveigjanleika. Lánasjóðurinn mælir, reiknar og fylgist með lausafjárstöðu sinni með greiningu á gjalddögum fjáreigna og fjárskulda til að geta örugglega endurgreitt allar skuldir sínar á gjalddaga. Eftirfarandi töflur sýna greiðslufæði fyrir fjáreignir og fjárskuldir miðað við samningsbundnar greiðslur.

Staða 30.6.2024 í m.kr.	0-1 mánuðir	1 til 3 mánuðir	3 til 12 mánuðir	1 til 5 ár	Yfir 5 ár	Samtals
<b>Fjáreignir</b>						
Ríkisskuldabréf og ríkisvixlar .....	0	2.350	1.959	4.000	0	8.309
Markaðsverðbréf og skuldabréf .....	9	220	1.884	1.768	0	3.881
Útlán og kröfur á lánastofnanir .....	103	80	0	0	0	183
Útlán og kröfur á viðskiptavini .....	239	3.352	17.274	76.738	136.177	233.780
Afleiðusamningar .....	0	0	79	1.111	1.031	2.221
<b>Samtals fjáreignir</b>	<b>351</b>	<b>6.002</b>	<b>21.196</b>	<b>83.617</b>	<b>137.208</b>	<b>248.374</b>
<b>Fjárskuldir</b>						
Verðbréfaútgáfa .....	0	1.513	15.233	66.359	131.058	214.163
Aðrar langtímalántökur .....	65	58	150	1.605	1.620	3.498
Afleiðusamningar .....	0	0	63	1.118	1.087	2.268
<b>Samtals fjárskuldir</b>	<b>65</b>	<b>1.571</b>	<b>15.446</b>	<b>69.082</b>	<b>133.765</b>	<b>219.929</b>
<b>Nettó eignir - skuldir</b>	<b>286</b>	<b>4.431</b>	<b>5.750</b>	<b>14.535</b>	<b>3.443</b>	<b>28.445</b>

## 4.2 Lausafjár- og fjármögnunaráhætta (framhald)

Staða 31.12.2023 í m.kr.	0-1 mánuðir	1 til 3 mánuðir	3 til 12 mánuðir	1 til 5 ár	Yfir 5 ár	Samtals
<b>Fjáreignir</b>						
Ríkisskuldabréf og ríkisvixlar .....	1.000	2.030	1.088	2.070	0	6.188
Markaðsverðbréf og skuldabréf .....	7	662	1.633	512	0	2.814
Útlán og kröfur á lánastofnanir .....	767	80	0	0	0	847
Útlán og kröfur á viðskiptavinum .....	287	3.711	18.166	71.587	133.921	227.672
Afleiðusamningar .....	0	0	22	76	17	115
<b>Samtals fjáreignir</b>	<b>2.061</b>	<b>6.483</b>	<b>20.909</b>	<b>74.245</b>	<b>133.938</b>	<b>237.636</b>
<b>Fjárskuldir</b>						
Verðbréfaútg. og aðrar lántökur .....	0	2.013	14.500	62.041	128.631	207.185
Aðrar langtímalántökur .....	121	1	216	1.661	1.667	3.666
<b>Samtals fjárskuldir</b>	<b>121</b>	<b>2.014</b>	<b>14.716</b>	<b>63.702</b>	<b>130.298</b>	<b>210.851</b>
<b>Nettó eignir - skuldir</b>	<b>1.940</b>	<b>4.469</b>	<b>6.193</b>	<b>10.543</b>	<b>3.640</b>	<b>26.785</b>

## 4.3 Vaxta- og verðbólguáhætta

Varðandi vaxtaáhættu er stefna sjóðsins að halda jafnvægi milli eftirstöðvatíma vaxtaberandi eigna og skulda og einnig fastra og breytilegra vaxta. Útlán eru því að öllu jöfnu á sömu grunnkjörum og fjármögnun þeirra að því er varðar lánstíma, endurgreiðsluferil, vaxtakjör, vaxtagreiðsludaga og endurskoðunardaga vaxtaálags. Þá eru verðtryggð lán sem fjármögnuð eru af eigin fé með breytilegum vöxtum. Fjárhæðirnar eru flokkaðar út frá dagsetningu samningsbundinnar endurverðlagningar eða gjalds, hvort sem fyrr gerist.

### Flokkun fjáreigna og fjárskulda sjóðsins 30.6.2024 eftir vaxtabindingartíma, í m.kr.

	0-1 ár	1-5 ár	5-10 ár	Yfir 10 ár	Samtals
<b>Fjáreignir</b>					
ISK verðtryggt .....	23.412	61.464	69.464	39.755	194.095
ISK óverðtryggt .....	9.114	1.164	1.183	0	11.461
Erlendar eignir .....	2.659	230	288	58	3.235
<b>Samtals fjáreignir</b>	<b>35.185</b>	<b>62.858</b>	<b>70.935</b>	<b>39.813</b>	<b>208.791</b>
<b>Fjárskuldir</b>					
ISK verðtryggt .....	14.068	56.474	69.145	40.375	180.062
ISK óverðtryggt .....	66	0	1.798	0	1.864
Erlendar skuldir .....	2.368	230	287	57	2.943
<b>Samtals fjárskuldir</b>	<b>16.502</b>	<b>56.704</b>	<b>71.230</b>	<b>40.432</b>	<b>184.869</b>
<b>Nettó eignir - skuldir</b>	<b>18.683</b>	<b>6.154</b>	<b>(296)</b>	<b>(620)</b>	<b>23.921</b>

### Flokkun fjáreigna og fjárskulda sjóðsins 31.12.2023 eftir vaxtabindingartíma, í m.kr.

	0-1 ár	1-5 ár	5-10 ár	Yfir 10 ár	Samtals
<b>Fjáreignir</b>					
ISK verðtryggt .....	24.692	55.123	64.809	42.067	186.691
ISK óverðtryggt .....	10.106	557	1.264	0	11.927
Erlendar eignir .....	2.698	233	291	58	3.280
<b>Samtals fjáreignir</b>	<b>37.496</b>	<b>55.913</b>	<b>66.364</b>	<b>42.125</b>	<b>201.898</b>
<b>Fjárskuldir</b>					
ISK verðtryggt .....	13.877	52.844	64.753	42.760	174.234
ISK óverðtryggt .....	121	0	1.762	0	1.883
Erlendar skuldir .....	2.394	233	291	58	2.976
<b>Samtals fjárskuldir</b>	<b>16.392</b>	<b>53.077</b>	<b>66.806</b>	<b>42.818</b>	<b>179.093</b>
<b>Nettó eignir - skuldir</b>	<b>21.104</b>	<b>2.836</b>	<b>(442)</b>	<b>(693)</b>	<b>22.805</b>

### 4.3 Vaxta- og verðbólguáhætta (framhald)

#### Vaxtanæmi

Greining á nettóvaxtanæmi 30.6.2024 miðað við meðaltalslíftíma sýnir að 1 prósentustigs hækkun á vöxtum lækka hreinar vaxtatekjur Lánasjóðsins um 108 milljónir króna á ársgrundvelli eða 0,45% af eigin fé á móti 13 milljóna króna lækkun eða 0,06% af eigin fé í árslok 2023. Taflan sýnir áhrif vaxtabreytingarinnar á hagnað sjóðsins skipt niður á flokka eigna og skulda miðað við binditímanálgun. Greiningin tekur bæði á eignum og skuldum innan og utan veltubókar. Vaxtabreytingar á eignum og skuldum samstæðunnar utan veltubókar hafa áhrif á vaxtamun þegar vaxtatekjur og vaxtagjöld falla til. Áhættuna má aðallega rekja til mismunar á lengd vaxtatímabíla milli eigna og skulda.

Vaxtanæmi í m.kr.	Samsíða hliðrun upp á vaxtaferli (punktar)	30.6.2024	31.12.2023
		Hagnaður (tap)	
ISK verðtryggt .....	100	(73)	7
ISK óverðtryggt .....	100	(34)	(19)
Erlendar myntir .....	100	(1)	(1)
<b>Samtals</b>		<b>(108)</b>	<b>(13)</b>

#### Verðbólguáhætta

Í lok tímabils átti Lánasjóðurinn verðtryggðar eignir umfram verðtryggðar skuldir að fjárhæð 14.033 milljónir króna í samanburði við 12.457 milljónir króna í árslok 2023. Þetta þýðir að 1% hækkun vísitölu neysluverðs myndi auka hagnað sjóðsins um 140 milljónir króna og 1% lækkun myndi orsaka lækkun hagnaðar um 140 milljónir króna.

Verðtryggingajöfnuður	30.6.2024	31.12.2023
Verðtryggðar eignir .....	194.095	186.691
Verðtryggðar skuldir .....	180.062	174.234
<b>Nettó verðtryggingajöfnuður</b>	<b>14.033</b>	<b>12.457</b>

### 4.4 Gjaldmiðlaáhætta

Stefna Lánasjóðsins varðandi gjaldmiðlaáhættu er að gjaldeyrisjöfnuður sjóðsins taki mið af reglum Seðlabanka Íslands og skal að svo miklu leyti sem unnt er, innan þeirra reglna, vera í réttu hlutfalli við hlutfall erlendra eigna af efnahag.

#### Næmigreining gjaldmiðla

